

# Skólaráðsfundur

28. nóvember 2023 kl. 8:15 í Tjarnarsal

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson og Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúar kennara, Erla Ösp Ísaksdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Manassa Qarni og Kristín Eva Harðardóttir fulltrúar foreldra. Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Tvo fulltrúa nemenda vantaði.

## 1. Kynning nýrra fulltrúa

Nýir fulltrúar í skólaráði boðnir velkomnir.

## 2. Skipan og verkefni skólaráðs

Skólastjóri fór yfir lögbundið hlutverk og verkefni skólaráðs skv. reglugerð, 8.gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

## 3. Drög að starfsáætlun skólaráðs

Skólastjóri kynnti drög að starfsáætlun skólaráðs. Búið er að setja niður fundi yfir skólaárið með drögum að dagskrá sem kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla. Fundarmenn fengu afhenta starfsáætlun skólaráðs.

## 4. Skipulag skólastarfsins í vetur, skóladagatal

Farið yfir skóladagatal Stóru-Vogaskóla mánuð fyrir mánuð. Hannes fór yfir Erasmus+ verkefnið sem skólinn tekur þátt í.

## 5. Stefna skólans í umhverfismálum

Skólastjóri fór stuttlega yfir stefnu skólans í umhverfismálum. Skólinn er vottaður Grænánaskóli. Það á eftir að virkja umhverfisnefnd skólans.

## 6. Önnur mál

- Ákveðið að ganga ekki um skólann og skoða eins og ráðgert er með nýja fulltrúa skólaráðs hverju sinni þar sem næstum allir þekkja húsakynni skólans vel. Verður gert síðar með nýjum fulltrúum.
- Rætt um umferðaröryggismál við skólann. Áhyggjur af umferðaröryggismálum við skólann og gatnamót Vogagerðis og Tjarnargötu hafa reglulega verið rædd. Rætt um hvort umferðaröryggisáætlun, sem unnin var árið 2018 (að fundarmann minnti) hafi ekki verið hrynt í framkvæmd. Þarna þykir þurfa að hægja á umferð, vantar betri lýsingu, lýsandi gangbrautarskilti, sebrabautir o.fl. sem þarf að athuga. Börn mikið í myrkri á þungum gatnamótum á þessum tíma dags. Málið hefur verið rætt við sveitarfélagið og verður það nú ítrekað.
- Fulltrúar foreldrafélags fóru yfir stöðuna á foreldrafélagi skólans. Það hefur verið skipað í hlutverk. Rætt um ýmsa aðkomu foreldrafélagsins að skólastarfi, bekkjarfulltrúar, föndurdagur o.fl.

- d) Fulltrúi grenndarsamfélags stakk uppá opinni foreldravíku. Eina viku á ári geta foreldrar komið í skólann og fylgt börnum sínum í kennslustundir. Rætt að ef það kæmi til þyrftu foreldrar að skrá sig áður en að heimsókn kæmi.
- e) Fulltrúi foreldra spurði hvort væri komin reynsla á skólabyrjun unglíngastígs kl. 8:40 í stað kl. 8 eins og hún var síðasta skólaár og verið hefur öll ár. Skólinn mun senda könnun á foreldra og nemendur unglíngastígs í vor og taka stöðuna.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari: Hilmar Egill